




Golfklúbburinn Leynir

Skýrsla stjórnar starfsárið 2020

Aðalfundur
3. desember
Akranesi

55. starfsár Golfklúbbsins Leynis.

Golfsumarið á Íslandi árið 2020 var mjög óvenjulegt en þar hefur heimsfaraldurinn Covid-19 afgerandi áhrif. Golfþyrstir kylfingar gátu ekki svalað þorsta sýnum í hefðbundnum golfferðum líkt og tíðkast hefur til marga ára. Þess í stað var aðsókn á íslenska golfvelli mun meiri en klúbbar höfðu upplifað hingað til. Golfklúbburinn Leynir fann vel fyrir aukinni umferð sumarið 2020 því nýtt met var slegið í spiluðum hringjum á Garðavelli, en þeir fóru úr 21.720 árið 2019 í 26.852 hringi. Félagsmenn GL voru að vanda duglegir að spila sinn heimavöll en alls voru 16.600 hringir skráðir á félagsmenn eða um 62% allra skráðra hringja.



Aðalfundur 2019 og verkefni stjórnar.

Á aðalfundi GL þann 10. desember 2019 var kosin ný stjórn fyrir starfsárið 2020. Stjórn var þannig skipuð:

Pétur Ottesen, formaður.
Heimir Bergmann, gjaldkeri.
Ella María Gunnarsdóttir, ritari.
Hörður Kári Jóhannesson, meðstjórnandi.
Óli Björgvin Jónsson, meðstjórnandi.
Hróðmar Halldórsson, varamaður.

Haldnir voru 24 stjórnarfundir á starfsárinu auk óformlegra funda og samtala stjórnarmanna á milli. Ástæða tíðra fundarhalda má helst rekja til þess að fjórir af stjórnarmönnum voru að

koma inn nýir eða endurnýttir og fyrsta verk nýrrar stjórnar var að ráða nýjan framkvæmdastjóra í stað Guðmundar Sigvaldasonar sem lét af störfum í lok janúar. Einnig hafði heimsfaraldurinn Covid-19 töluverð áhrif á tíðni funda, þar sem ekki var ljóst á milli vikna, hvað mátti og hvað mátti ekki með hliðsjón af þeim sóttvarnartilmælum sem í gildi voru hverju sinni.

Fyrsta verk stjórnar.

Eins og nefnt hefur verið var fyrsta verk nýrrar stjórnar að ráða framkvæmdastjóra til starfa. Starfið var auglýst og var gengið til samninga við Rakel Óskarsdóttur sem tók til starfa í janúar 2020. Þá var endurnýjaður samningur við Íþróttastjóra GL, Birgi Leif Hafþórsson, í febrúar 2020. Birgir Leifur sagði svo starfi sínu lausu í upphafi sumars og lauk störfum fyrir klúbbinn í lok júlí. Valdís Þóra Jónsdóttir, afrekskylfingur og félagsmaður GL kom inn í starf íþróttastjóra með stuttum fyrirvara og eru henni færðar bestu þakkir sem og Birgi Leif fyrir gott samstarf á liðnum árum. Í lok október var svo gengið frá ráðningu Valdísar Þóru í starf íþróttastjóra.




Að takast á við áhrif Covid-19 var mikil áskorun fyrir GL. Huga þurfti að öflugum sóttvörnum í Frístundamiðstöðinni Garðavöllum og annarri aðstöðu klúbbsins, sem og breyttum leikreglum í golfíþróttinni. Það var því mikið gleðiefni að kylfingar gátu leikið golf í sumar þrátt fyrir miklar efasemdir á vormánuðum. Þegar öllu er á botninn hvolft þá má segja að golfíþróttin hafi

blómstrað á þessum undarlegu tímum og vafalítið hefur golfið létt mörgum lundina á umliðnu sumri.

Fjölgun félagsmanna.

Eins og kom fram snemma í máli mínu þá hefur umferðin á Garðavelli aldrei verið eins mikil og sumarið 2020. Félagsmönnum GL fjölgaði einnig mikið milli ára en þeir voru í lok sumar alls 623 samanborið við 500 árið 2019. Þá er ánægjulegt að segja frá því að konur eru nú orðnar 35% af öllum félagsmönnum en voru 23% árið 2019. Er það skoðun mín að fjölgun kvenna í starfinu sé okkar helsti vaxtarsproti í fjölgun meðlima og hvet ég alla til að leggjast á sveif með okkur í þeirri vinnu. Það að ná félagafjölda í að lágmarki 750 manns mun gjörbreyta rekstrarforsendum klúbbsins, okkur öllum til hagsbóta. Einnig varð nokkur fjölgun meðlima í fjaraðild frá nærliggjandi sveitarfélögum. Stjórn GL vill bjóða alla þá nýliða sem gengu í klúbbinn sérstaklega velkomna og vonast til að sjá þá að nýju næsta vor.



Félagsstarfið í Leyni var mjög blómlegt á starfsárinu 2020. Í vetur var bryddað upp á þeirri nýjung að bjóða félagsmönnum upp á golf Yoga í Garðavöllum. Námskeiðið sem var haldið í samvinnu við Helgu Guðnýju Jónsdóttur Yoga kennara var mjög vel sótt og er hugur í stjórn að endurtaka leikinn næsta vetur. Einnig var boðið upp á styrktarþjálfun á sérkjörum fyrir félagsmenn, hafði Jón Einar Hjaltested umsjón með þeirri þjálfun.

Mótahald á starfsárinu 2020 var með örlítið breyttu sniði en s.l. ár vegna heimsfaraldursins. Þátttaka í opnum mótum GL hefur samt sem áður aldrei verið betri og innanfélagsmótin slógu öll þáttökumet. Þó svo að veðrið hafi oft leikið kylfinga grátt á miðvikudögum þá stoppaði það ekki félagsmenn til þátttöku. Slíkt viðhorf er einstaklega vel til þess fallið að efla okkar frábæra klúbb.



Mótahald og viðburðir sumarið 2020

Á 76. ársþing ÍA sem haldið var hátíðlega mánudaginn 8. júní í Tónbergi voru félagsmenn GL, þau Þórður Elíasson og Þórunna Halldórsdóttir sæmd bandalagsmerki ÍA. Stjórn GL óskar þeim innilega til hamingju með nafnbótina og heiðursviðurkenninguna, með þeim óskum fylgja þakkir fyrir frábært starf í þágu klúbbsins.

Meistaramót GL fór fram dagana 8.-11. júlí og urðu Hannes Marinó Ellertsson og Valdís Þóra Jónsdóttir klúbbmeistarar 2020. Golfklúbburinn Leynir óskar þeim innilega til hamingju með árangurinn. Golfklúbburinn Leynir þakkar öllum félagsmönnum fyrir þátttökuna í meistaramótinu og öðrum vinningshöfum til hamingju. Ánægjulegt er að segja frá því að metþátttaka var í mótinu alls 146 kylfingar.



Í því samhengi vill stjórnin færa starfsmönnum GL þakkar fyrir faglega vinnu við mótið, eins öllum þeim sjálfboðaliðum sem lögð sitt að mörkum svo að mótið gæti orðið eins glæsilegt og raunin var. GL vill færa félagsmanninum Sigurði Elvari Þórólfssyni hjá Skagafréttum.is sérstakar þakkar fyrir að taka myndir út á golfvelli á meðan á mótinu stóð, sem og öðrum jákvæðum fréttum af félagsstarfinu nú í sumar - það er ómetanlegt. Til að kóróna meistaramótið gerði svo hinn vaski og vörpulegi Jón Svavarsson sér lítið fyrir og fór holu í höggi á 14 holu á lokadegi - frábært afrek.

Fleiri félagsmenn GL fóru holu í höggi þetta sumarið á Garðavelli en á 3 holu slógu Elísabet Valdimarsdóttir, Helga Rún Guðmundsdóttir og Guðjón Theódórsson draumahöggið. Á 8. holu fór Jón Alfreðsson holu í höggi í Opna Guinness mótinu og þá fór Guðlaugur Gunnarsson holu í höggi á 18. holu. Golfklúbburinn Leynir óskar ykkur öllum til hamingju með að vera komin í Einherjaklúbbinn.



Liðakeppni Blikksmiðju Guðmundar fór fram í sumar við góðar undirtektir félagsmanna. Keppnisfyrirkomulagið er með svipuðum hætti og keppt er í sveitakeppnum golfklúbbanna. Átta lið skráðu sig til leiks, hvert skipað 7-8 leikmönnum. Montecastillo Boys báru sigur úr bítum í úrslitaleik við Lögheimili. Golfklúbburinn Leynir þakkar Blikksmiðju Guðmundar fyrir samstarfið og stuðninginn á þessum vettvangi.



Vel heppnað hjóna- og paramót fór fram laugardaginn 30 maí og komust færri að en vildu en alls voru 46 lið skráð til leiks. GL þakkar þeim félagsmönnum sem stóðu svo myndarlega að þessu móti og þeim fjölmörgu styrktaraðilum sem lögðu sitt að mörkum til að gera það svo veglegt. Góður rómur var gerður að mótinu og næsta víst að það verður endurtekið að ári.

Golfklúbburinn Leynir stóð fyrir 5 GSÍ mótum sumarið 2020 og stefnir á að halda 2 slík mót sumarið 2021.



Sveitakeppnir og afreksfólk GL

Karlasveit GL spilaði óvænt í 1. deild þetta sumarið en sveitin féll um deild sumarið 2019. Leikið var dagana 23.-25. júlí í Oddi og GKG og var niðurstaðan að Leynir fell að nýju niður í 2. deild. GL skráði ekki kvennasveit til leiks þetta sumarið.

Öldungasveit karla spilaði í 2. deild dagana 20.-22. ágúst á Kirkjubólsvelli í Suðurnesjabæ. Sveitin stóð sig með þryði og endaði í 3. sæti.

Golfklúbburinn Leynir sendi lið til þátttöku í sveitakeppni GSÍ í barna- og unglingaflokki. Allir flokkarnir stóðu sig vel og voru félagi sínu til sóma. Afrekskylfingurinn Björn Viktor Viktorsson sigraði Titleist unglingaeinvígið 2020 sem fram fór í Mosfellsbæ í september og var í afrekshópi á vegum GSÍ. Covid 19 og bakmeiðsli höfðu mikil áhrif á afrekskylfinginn Valdísi Þóru Jónsdóttur þetta keppnisárið. Hún tók þátt í þremur GSÍ mótum í vor með ágætum árangri en varð að draga sig frá öllu keppniskolfi og æfingum í sumar vegna meiðsla. Hún stefnir þó á að koma sterk inn á næstu mánuðum.



Margt ber að þakka

Hlutverk sjálfböðavinnu er ómetanlegt fyrir Golfklúbbinn Leyni. Vil ég þakka þeim sem unnið hafa ötult starf í nefndum fyrir GL frábært starf, einnig þeim fjölmörgu sjálfböðaliðum sem lagt hafa hönd á plóginn í öðrum verkefnum. Ég held ég móðgi engan þó ég nefni tvo þeirra sérstaklega, en það eru þeir Halldór Jónsson og Jón Ármann Einarsson. Þeir eru komnir á staðinn með hjálpandi hönd ef bara Brynjar eða Rakel blikka auga.

Sjálfböðastarfið gegnir lykilhlutverki í félagsstarfinu og þeim mun fleiri sem leggja hönd á plóg, þeim mun betri verður umgjörðin og félagsstarfið skemmtilegra. Við getum státað okkur af

fyrirmyndar félagsmönnum og konum, sem ásamt okkar glæsilega Garðavelli eru undirstöðurnar sem klúbbstarfið hvílir á af fullum og jöfnum þunga.

Öllu því góða starfsfólki sem hefur unnið á vellinum eða í afgreiðslunni, lengri eða skemmri tíma ársins þakka ég vel unnin störf. Það er ekki sjálfgefið að ná að búa til jafn faglega umgjörð og þið hafið náð að gera í sumar með framlagi ykkar og viðmóti.

Að lokum vil ég þakka meðstjórnarfólki mínu fyrir einstaklega gott, skemmtilegt og árangursríkt samstarf. Síðast en ekki síst vil ég færa framkvæmdastjóranum þakkir fyrir vel unnin störf á krefjandi tímum en Rakel Óskarsdóttir – sem setti sig inn í hlutina á hraða ljóssins – var komin með alla nauðsynlega þræði í hendur sér á ótrúlega skömmum tíma.

*Fyrir hönd stjórnar Golfklúbbsins Leynis,
Pétur Ottesen, formaður
dags 1. desember 2020*



Skýrsla framkvæmdastjóra

Fyrir nýjan framkvæmdastjóra GL var starfsárið 2020 virkilega lærdómsríkt og gefandi ár. Í upphafi vil ég byrja á því að þakka félagsmönnum, stjórn, nefndum og samstarfsfólki fyrir hlýjar móttökur og frábært samstarf á árinu.

Golfvertíðin byrjaði með miklum hveli í vor þar sem margir kylfingar á Íslandi náðu ekki að fara í sínar árlegu golfferðir erlendis og því eðlilega mikill hugur í mörgum hverjum. Í byrjun árs tók GSÍ upp kerfið Golfbox sem heldur utan um allt félagatal, rástímaskráningu og mótahald, en kerfið leysti golf.is af hólmi. Innleiðing kerfisins gekk frekar brösuglega fyrst um sinn og reyndi verulega á starfsfólk golfklúbba að leiðbeina félagsmönnum sínum og ná um leið sjálft færni í að nýta kerfið. En við erum fljót að tileinka okkur nýjungar og undir lok sumars var allt farið að ganga vel og ut anum hald á mótum mun auðveldara með rafrænni skráningu. Ég vil þakka ykkur félagsmönnum fyrir þolinmæðina og samvinnuna við innleiðinguna á Golfbox.

Þá var einnig tekið upp nýtt forgjafakerfi á árinu, kerfi sem notað er á heimsvísu við útreikning á forgjöf kylfinga.

Starfsmenn GL voru 18 þegar mest lét frá vori til hausts en þeir voru þó með mismikla viðveru. Því til viðbótar má telja nokkra félagsmenn sem ávallt voru tilbúnir að hlaupa í skarðið ef upp á vantaði hvort sem er í afgreiðslu og verslun GL eða í ýmis viðvik á vellinum.

Akraneskaupstaður hefur stutt vel við bakið á klúbbum í sumar líkt og undanfarin ár. Um 20 ungmenni úr unglingavinnunni störfuðu við ýmis verk á og við Garðavöll og færum við kaupstaðnum þakkir fyrir þann stuðning.

Endurnýjaður var samningur við GrasTec, félag í eigu Brynjars Sæmundssonar, sem sér um alla faglega umsjón og ráðgjöf á umhirðu Garðavallar og framkvæmdir við hann. Framkvæmdastjóri og vallarstjóri vinna mikið saman frá degi til dags og gengur það samstarf vel.

Galito Bistro sá um veitingar í Frístundamiðstöðunni Garðavöllum líkt og síðasta sumar. Vissulega hafði heimsfaraldurinn Covid-19 áhrif á aðsóknina en húsnæði okkar er rúmgott og því auðvelt að gera breytingar og þær ráðstafanir sem sóttvarnir Almannavarna krefja rekstraraðila um á þessum tímum. Frístundamiðstöðin Garðavöllir færir GL svo sannarlega upp um deild þegar kemur að aðstöðu og þjónustu við kylfinga og aðra sem sækja Garðavöll heim.

Vinavallasamningar voru með svipuðum hætti og undanfarin ár. Upplýsingar sem klúbbnum hafa borist gefa vísbendingar um að Leynismenn og konur hafa verið dugleg að nýta sér þessa samninga í sumar. Vel gert ! Það sama á við um aðsókn annarra klúbba á Garðavöllum líkt og formaður fór yfir í riti sínu.

Rekstur GL starfsárið 2020

Rekstrarniðurstaða Golfklúbbsins Leynis fyrir árið 2020 var góð. Útlitið var frekar dökkt á vormánuðum vegna áhrifa Covid-19 en það var frekar fljótt að fenna yfir og kylfingar gátu spilað ótakmarkað golf en þó við breyttar aðstæður. Styrktaraðilar GL, stórir sem smáir, eru afar dýrmætir í baklandi klúbbsins og færi ég þeim bestu þakkir fyrir samstarfið á árinu 2020. Einhverjir styrktaraðilar drógu sig til hlés í ár, sökum Covid-19, á meðan aðrir bættu í. En við höfum trú á því að það koma betri tímar og við hlökkum til að endurnýja við þá kynnin þegar árar betur. Þá komu Covid-19 styrkir frá ÍSÍ og Akraneskaupstað sér vel á þessum tímum og ber að þakka það sérstaklega.

Fjárfest var í tveimur sláttuvélum á völinn auk þeirrar sem tekin var í notkun sl. sumar. Samanlagt eru þetta fjárfestingar upp á rúmar 13 milljónir króna en ekki er búið að greiða þær að fullu. Þörfin var orðin brýn og óumflýjanleg en tækjakostur vallarins þarf að endurspegla gæði hans hverju sinni.

Framkvæmdir í inni aðstöðu GL í kjallara Fríðstundamiðstöðvarinnar Garðavallar voru töluverðar á starfsárinu þar sem m.a. var klárað að koma upp loftræstikerfi. Heildar kostnaður sem fellur til á þessu ári vegna aðstöðunnar er um 6 m.kr. Aðsókn félagsmanna í aðstöðuna var mjög góð áður en skellt var í lás á vormánuðum vegna Covid-19. Það er ljóst að aðstaðan er okkur félagsmönnum dýrmæt og því mikilvægt að gera hana þannig úr garði að hún nýtist öllum vel og skapi klúbbnum einnig tekjur. Í undirbúningi er að bæta aðstöðuna við golfhermana og gera bókunarkerfi þeirra aðgengilegri fyrir félagsmenn. Það verður tekið í notkun á næstu misserum.

Stjórn GL í samvinnu við framkvæmdastjóra og bókara klúbbsins tóku þá ákvörðun í sumar að breyta uppsetningu og aðferðafræði við ársuppgjör klúbbsins. Markmið þeirrar breytingar er að einfalda uppgjörið, auðvelda aðgengi að tölulegum upplýsingum og samanburði við aðra golfklúbba sem og að gera reikninginn gagnsæjari.

Rekstrarreikningur

Rekstrartekjur hækkuðu um tæpar 24 m.kr. á milli ára eða um 23%. Helsta skýring þess er fjölgun félagsmanna, auknar vallartekjur og rekstrarstyrkir.

Þá ber að nefna að á árinu 2019 voru um 8 m.kr. færðar inn sem styrkir og framlög. Það eru t.a.m. verðlaun í golfmótum, framlag vinnuskóla Akraneskaupstaðar og fl. Á móti var fjárhæðin færð inn sem kostnaður á ýmsa gjaldaliði s.s. kostnað vegna móta og rekstur golfvallar. Í samanburðartölum 2019 og 2020 í þessu uppgjöri hefur fjárhæðin 2019 verið tekin út.

Félagsgjöld hækka um tæp 23% á milli ára eða frá tæpum 29 m.kr. á árinu 2019 í tæpar 36 á árinu 2020. Húsaleigutekjur af Frístundamiðstöðinni Garðavöllum voru langt undir áætlun ársins 2020 og á það sér eðlilega skýringu á tímum Covid-19 með öllum þeim takmörkunum sem því fylgir. Vallartekjur jukust um rúm 41% á milli ára og fóru úr rúmum 16 milljónum í rúmar 23 m.kr.

Rekstrargjöld hækkuðu um 18% á milli ára. Laun og launatengd gjöld hækka um 9% á milli ára en skýringuna má m.a. rekja til kjarasamningshækkana, fleiri stöðugilda á Garðavelli á ársgrundvelli og uppgjörs við fráfarandi framkvæmdastjóra. Þá er rekstur á Garðavöllum kominn inn á heilt rekstrarár ólíkt árinu á undan.

Rekstrarafkoma klúbbsins er jákvæð um 23 m.kr. fyrir fjármagnsliði og afskriftir og má því segja að stað klúbbsins sé góð eftir rekstrarárið 2020. Af því sögðu getur klúbburinn unnið áfram að þeim verkefnum sem lagt hefur verið að stað með á vellinum ásamt því að huga að endurnýjun á vélakosti.

Rakel Óskarsdóttir
Framkvæmdastjóri GL

Skýrsla barna-, unglinga- og afreksnefndar

Í stjórn barna-, unglinga- og afreksnefnd á tímabilinu 2019-2020 sátu:

- Ingibjörg Stefánsdóttir, formaður
- Elísabet Valdimarsdóttir
- Trausti Freyr Jónsson
- Arna Magnúsdóttir

Tengiliður stjórnar við BUA nefnd var Hróðmar Halldórsson.

Starfsárið 2020 voru skráðir iðkendur 59 talsins í aldurshópnum 21 árs og yngri. Af þessum iðkendum voru 26 undir 15 ára og yngri. Á bilinu 16-21 árs voru 33 iðkendur skráðir. Er það rúmlega helmingi færri en á starfsárinu 2019. Á golfleikjanámskeið klúbbsins mættu 98 iðkendur sem svipar til ársins 2019 en þá var metþátttaka á golfleikjanámskeiði klúbbsins.

Skipulagðar æfingar svipuðu til síðustu ára þar sem skipulagðar æfingar voru þrisvar sinnum í viku. Sex mánuðaga yfir sumar var spilað í Titleist/FJ mótaröðinni sem var veglega styrkt af ÍSAM.



Birgir Leifur sá um æfingar fram að sumri en lét af störfum þann 31. júlí eftir þrjú ár sem Íþróttastjóri Leynis. Honum innan handar voru Ingimar Elfar Ágústsson, Elsa Maren Steinarsdóttir og Gabríel Þór Þórðarson en þau sáu um leikjanámskeið sumarsins.

Valdís Þóra tók við keflinu 1. ágúst og sá um æfingar barna og unglinga til enda september. Fylgdi hún krökkunum á bæði Íslandsmótið í holukeppni og Íslandsmótið í höggleið.

Valdís Þóra var svo fastráðin 1. nóvember sem nýr Íþróttastjóri Leynis.

Árangur úr starfinu

Undanfarin ár hefur verið ágætis þátttaka barna og unglinga í mótum á vegum GSÍ. Í ár tóku 11 krakkar þátt bæði á unglingamótaröðinni og áskorendamótaröðinni. Árangurinn lét ekki á sér standa en Björn Viktor var í topp 5 í þremur af fimm mótum. Hann endaði svo í 4. sæti á heildarstigalista sumarsins en það er einu sæti ofar en árið 2019. Tristan Freyr og Elsa María enduðu mörg mót í topp 10 og Bára Valdís náði 3. sæti í einu móti. Okkar yngstu keppendur í Íslandsmótinu voru þau Vala María og Guðlaugur Þór, 12 ára. Guðlaugur var að spila á sínu fyrsta Íslandsmóti og stóðu þau sig bæði með stakri þrýði.



Á Áskorendamótaröðinni tóku Arnar Gunnarsson og Elín Anna Viktorsdóttir þátt. Þar ber hæst að nefna að Arnar vann eitt mótið og Elín Anna endaði í 3.sæti í einu móti. Flottur árangur hjá krökkunum í sumar.

Þá voru lið send í Sveitakeppni 12 ára og yngri, sem og 15 ára og yngri og var almenn ánægja hjá krökkum og foreldrum með þau mót.

Björn Viktor hélt sínu sæti í landsliðshóp GSÍ 2020 og er klárt mál að aðrir iðkendur eru farin að banka á dyrnar á þeim hóp.

Björn Viktor endaði svo sumarið á því að vinna Unglingaeinvígið í Mosó, fyrstur allra úr Golfklúbbnum Leyni.

Fróðleikur úr starfinu

Ekki var farið í æfingaferð erlendis í vor vegna Covid 19 en stefnt er á æfingaferð vorið 2021. Markmið BUA nefndar er að fara árlega í æfingaferð erlendis því það hvetur krakka til auka æfinga og kynnir krakkana fyrir golfi í öðruvísi aðstæðum en þau eru vön á Íslandi. Krakkarnir læra að spila á öðruvísi tegundum af grasi, sandi og hönnun valla; kennir þeim leikskipulag og ímyndunarafl þegar það kemur að golfleiknum og lengir tímabilið utanhúss. Allt eru þetta mikilvægir þættir í mótun ungra kylfinga.



Lokahóf barna og unglunga var haldið 2. október í blíðskaparveðri. Eins og síðastliðin ár var haldið Shoot-out þar sem skipt var í hópa eftir aldri og kyni og notaðir mismunandi teigar sem hentuðu getustigi hvers og eins. Það var Vala María Sturludóttir sem stóð uppi sem sigurvegari eftir frábæra spilamennsku.

Að lokum vill BUA nefnd koma á framfæri þökkum til styrktaraðila:

- Landsbankinn
- Húsasmiðjan
- Íslandsbanki
- Sjóvá
- Guðni Örn Jónsson
- ÍSAM
- Skaginn 3x – ÍA
- Club 71

*Fyrir hönd barna-, unglunga- og afreknefndar,
Valdís Þóra Jónsdóttir, Íþróttastjóri GL.
Akranesi, nóvember 2020.*

Skýrsla Vallarnefndar 2020

Mikið og gott faglegt starf hefur farið fram í vallarnefnd 2020. Mikil endurnýjun varð í nefndinni milli starfsára og í henni sitja nú;

- Kristvin Bjarnason, formaður
- Ársæll Kristjánsson
- Davíð Búason
- Eiríkur Jónsson
- Guðjón Viðar Guðjónsson
- Hannes Marinó Ellertsson
- Reynir Sigurbjörnsson
- Hörður Kári Jóhannesson, tengiliður stjórnar.

Alls voru haldnir 9 formlegir fundir á síðastliðnu starfsári nefndarinnar og þar teknar ákvarðanir um framgang verkefna forgangsörðun og framtíðarhorfur.

Markmið nefndarinnar er að Garðavöllur sé í eins góðu ásigkomulagi eins og mögulegt er á hverjum tíma og er það mat nefndarinnar að það hafi tekist með miklum ágætum á síðasta starfsári nefndarinnar.

Ein mikilvægasta niðurstaða nefndarinnar á þessu starfsári er að Garðavöllur sjálfur og nærumhverfi hans þurfi meiri athygli og fjármagn til að hægt sé að bjóða upp eins góðan golfvöll og við höfum oftast getað boðið uppá, ekki síst í ljósi þeirrar miklu aukningar sem orðið hefur á notkun hans á undanförunum árum. Hefur nefndin áhyggjur ef ekki verður breyting á

Nánar um stöðu mála á Garðavelli má sjá í skýrslu Vallarstjóra.

Að lokum vil ég fyrir hönd vallarnefndar fyrir starfsárið 2020 þakka öllum þeim fjölmörgu sjálfboðaliðum sem lögðu hönd á plóg fyrir vel unnin störf á árinu. Einnig vill nefndin koma þakklæti sínu til vallarstjóra, framkvæmdastjóra og stjórnar Leynis fyrir fyrirtaks samvinnu á árinu.

*Fyrir hönd vallarnefndar starfsárið 2020
Kristvin Bjarnason formaður.*

Skýrsla vallarstjóra GL 2020

Rakel Óskarsdóttir, framkvæmdastjóri GL, og Brynjar Sæmundsson, vallarstjóri GL, tóku virkan þátt í störfum vallarnefndar. Tveimur nefndarmönnum var bætt við nefndina milli starfsára.

Líkt og undanfarin haust var Garðavelli lokað í byrjun nóvembermánaðar 2019 og settar út vetrarflatri á seinni 9 holur vallarins sem félagsmenn gátu leikið á þegar veður gafst yfir vetrarmánuðina.



Umhirða Garðavallar gekk nokkuð vel sumarið 2020 en mikil vinna liggur þar að baki. Auka verkefni bættist við á vordögum þegar GL tók við slætti á keppnisvellingum á Jaðarsbökkum. Þá sér GL um slátt á æfingasvæði ÍA á Jaðarsbökkum, slátt í Garðalundi og með fram Leynislæknum.

Aukin áhersla var lögð á viðhald þúttflata en betur hefði mátt fara í snyrtingu stíga og sandglompna.

Alls voru 12 starfsmenn á Garðavelli sumarið 2020 í u.þ.b. 9,5 stöðugildum:

- Brynjar Sæmundsson, vallarstjóri, hlutast.
- Guðni S. Helgason, verkstjóri og viðgerðarmaður.
- Árni Þór Árnason, aðstoðar verkstjóri
- Ásta María Búadóttir, verkstjóri vinnuskóla
- Aron Bjarki Kristjánsson
- Hafþór Pétursson (lét af störfum í júní)
- Ragnar Már Lárusson
- Gunnar Einarsson
- Þorgeir Bjarkarson
- Ástþór Alexandersson (hlutastarf, röff)
- Helgi Reyrr Guðnason (hlutastarf, brautir)

- Björn Viktor Viktorsson 50% starf
- Ingimar Elfar Ágústsson 50% starf

Auk ofantaldra þá störfuðu á Garðavelli, við ýmis störf, ungmenni úr vinnuskólanum á aldrinum 14 til 16 ára. Í lok tímabilsins, eftir að skólar byrjuðu, voru fengnir tveir starfsmenn tímabundið við ýmis verkefni á velli.



Undirbúningsvinna fyrir opnun vallarins hófst snemma í ár þar sem veður í mars gaf tilefni til. Flatir voru sandaðar dagana 19. og 27. mars til að auka yfirborðahita með hækkandi sól. Fyrsta áburðargjöfin var á flatir 10.-15. apríl og á teiga 18. apríl. Flatir voru valtaðar 23. apríl og fyrsti sláttur flata var 25. apríl.

Yfir tímabilið voru flatir sandaðar 6x, gataðar 8x, úðaðar 10x, teigar kornaðir 2x. Ekkert var sáð í flatir.

Teigar á 3. og gulur teigur á 4. voru tappagataðir og sandaðir. Gulur og Hvítur teigur á 1. var tappagataður ásamt 18. teig.

Helmingur brauta var djúpslittaður í okt/nóv.

Hafist var handa við breytingar á teigum á 3. braut í nóvember 2019 þar sem rauður teigur var sameinaður bláa og gula teignum og úr varð 40 metra langur teigur.

Vinnudagar félagsmanna voru haldnir 23., 25. og 29. apríl. Alls tóku 48 félagsmenn þátt á vinnudögunum við undirbúning á opnun Garðavallar 1. maí.

Meðal verkefna á vinnudögum var tyrfing og frágangur vegna stækkunar á 3. teig og nýrra teiga á 13. braut, blár og rauður.

Þremur glompum var lokað á árinu, við holt á 13. braut og tveimur glompum við 10. flöt.

Steypt var plan undir grasgám og rampur hækkaðar sem auðveldað mjög alla losun í gáminn.

Opnir skurðir á mörkum Garðavallar og innan vallarins eru 5320 metrar að lengd. Þessa skurði þarf að hreinsa reglulega til að eðlileg framræsing sé á landi Garðavallar.

Á rekstrarárinu voru alls 1380 metrar hreinsaðir, þar af 445 metrar af verktökum og 935 metrar af starfsmönnum GL og í sjálfboðavinnu með leigutækjum. Þetta er um 25% af skurðum vallarins.



Mön, með fram bílastæði, var endurmótuð í sumar og sáð í hana með góðum árangri. Vinna við breytingar á þvottaaðstöðu standa yfir þar sem hún verður stækkuð umtalsvert.

Á Haustdögum hófust framkvæmdir við forflöt á 12. braut þar sem grafnir voru dremskurði og sett í þá denrör og möl. Í framhaldinu á að taka upp torf framan við 12. flöt og keyra efni í svæðið til að lyfta því upp og þurrka. Þá verður glompa vinstra megn framan við 12. flöt færð fjær flötinni.

Á sama tíma var farið í breytingar á hvíta teignum á 3. braut sem mun stækka umtalsvert. Sem og dremskurður á milli 15. og 16. brautar.

Að venju voru allar flatir á Garðavelli girtar af í byrjun nóvember til að varna umferð um þær þar til þær verða opnaðar aftur næsta vor.

Keyptar hafa verið tvær lítið notaðar vélar á árinu. Toro SideWinder 3100D í slátt í kringum flatir og teiga og Toro GM3250D á teiga og forflatir. Keyptur var nýr Husqvarna blásari.

Aukin áhersla hefur verið lögð á viðhald véla og hefur rekstur þeirra gengið vel.

Golfsumarið 2020 var gott í marga staði. Garðavöllur var í góðu ástandi og umferð um völinn okkar hefur aldrei verið eins mikil og þetta sérstaka sumar þegar íslenskir kylfingar flyktust út á golfvelli landsins í Covid-19 ástandinu.

Ein kargaslátturvél, Toro SideWinder 3500, var seld á rekstrarárinu og til stendur að selja aðra vél af gerðinni Toro GM3250D sem notuð hefur verið á teiga.

Með aukinni umferð eykst þörfin á meira viðhaldi vallar s.s. gæðum flata og teiga, vinna við hirðingu vallarins tekur lengri tíma en ella og ýmsar endurbætur verða meira aðkallandi. Til að halda Garðavelli áfram meðal bestu golfvalla landsins þá má hvergi slaka á.

Að lokum skal þakka öllum þeim félagsmönnum, sem komið hafa að sjálfboðavinnu á Garðavelli þetta árið, fyrir þeirra góða framlag til stuðnings GL.

*Brynjar Sæmundsson, vallarstjóri.
Nóvember 2020*

Skýrsla kvennanefndar

Í kvennanefnd tímabilið 2020 til 2021, sátu:

- Elísabet Valdimarsdóttir, formaður
- Helena Rut Steinsdóttir
- Rakel Kristjánsdóttir
- Guðlaug Sverrisdóttir
- Bryndís R. Jónsdóttir

Það hefur víst ekki farið fram hjá neinum að síðasta ár var frekar óvenjulegt ár. Við reyndum að gera eins vel og við gátum miðað við aðstæðurnar í þjóðfélaginu.

Eins og áður voru þriðjudagar kvennagolf dagar, en þá hittast konur saman á fráteknum tímum til að spila. Þriðjudagsmótin voru á sínum stað og bauðst konum að spila á þeim tímum sem þeim hentaði.

Fuglaleikurinn var á sínum stað og allir fuglar sem konur fengu á þriðjudögum fóru í pott sem síðan var dregið úr á lokahófinu. Fugladrottningin sumarið 2020 er Rakel Kristjánsdóttir.

Vön/óvön mótið fór fram 26. maí. Alls tóku 78 konur þátt í mótinu að þessu sinni sem er talsverð aukning frá því í fyrra. Þetta golfmót er alltaf mjög skemmtileg byrjun á sumrinu og margar nýjar konur stíga sín fyrstu skref á vellinum í þessu móti.



14. júní var Opna Helena Rubinstein mótið haldið. 93 konur víðsvegar af landinu tóku þátt að þessu sinni. Keppt var í tveim forgjafarflokkum eins og áður. Er þetta mót orðið með stærri kvenna mótum sem haldin eru yfir sumarið. Kvennanefndin vill þakka öllum þeim sem komu að þessu móti kærlega fyrir hjálpina.

Leynisskvísan var svo haldin 21. júlí og lauk henni með einvígi milli mæðgnanna Þórönnu Halldórsdóttur, Leynisskvísunni frá 2019, og dóttur hennar Örnu Magnúsdóttur. Leikar fóru þannig að Arna vann skvísuna í ár.

Einnar kylfu mótið fór fram þann 18. ágúst. 26 hressar konur tóku þátt í mótinu.

Vesturlandsmót kvenna var haldið í lok ágúst. Nú var komið að Grundfirðingum að halda mótið. Á tíma var mjög tvísýnt um að mótið yrði haldið. Sem betur fer náðist að spila en þó með breyttu fyrirkomulagi vegna Covid 19.

F.h. kvennanefndar

Nóvember, 2020

Elísabet Valdimarsdóttir, formaður

<https://www.facebook.com/Leynisskvisur>

Skýrsla forgjafarnefndar

Í upphafi árs tók gildi nýtt forgjafarkerfi á Íslandi. Í nýja forgjafarkerfinu er forgjöf kylfinga reiknuð út frá 8 bestu hringjum leikmanns af síðustu 20. Tekið er tillit til leikaðstæðna á þann hátt að skor leikmanns er leiðrétt m.t.t. almenns skors á viðkomandi velli á leikdegi. Einnig er notast við sérstaka útreikninga til að taka tillit til óvenju góðra skora leikmanna og ákveðnar skorður settar við hækkun forgjafar.

Við innleiðingu kerfisins var forgjöf allra kylfinga á Íslandi endurreiknuð út frá eldri forgjafarhringjum og í samræmi við nýju reglurnar. Í því skyni var byggt á öllum forgjafarhringjum sem skráðir voru á golf.is frá 1. janúar 2017.

Af þessu tilefni breyttist forgjöf margra félagsmanna GL talsvert og mismunandi hvernig kylfingar hafa náð að halda í þá forgjöf.

Allir nýliðar byrja nú með forgjöfina 54 og gildir það bæði fyrir konur og karla, börn og unglinga. Markmiðið er að gera upplifun nýliða úti á vellinum enn betri.

Eftir innleiðingu nýja forgjafarkerfisins ættu kylfingar að vera með sem „réttasta“ forgjöf. En til þess að svo verði er mikilvægt að kylfingar skrái sem flesta golfhringi á næstu árum. Bæði góða og slæma. Forgjöf kylfinga er nú uppfærð daglega og hægt að fylgjast með henni á golfbox.

*F.h. forgjafarnefndar
Nóvember, 2020
Stefán Orri Ólafsson*



**Ársreikningur fyrir
starfsárið 2020**

Áritun stjórnar og framkvæmdastjóra

Stjórn og framkvæmdastjóri Golfklúbbsins Leynis, Akranesi, staðfesta hér með ársreikning félagsins fyrir rekstrarárið 1. nóvember 2019 til 31. október 2020 með undirritun sinni.

Akranesi, 3. desember 2020

Pétur Ottesen

Pétur Ottesen
Formaður Leynis

Heimir Bergmann

Heimir Bergmann, gjaldkeri

Ella María Gunnarsdóttir

Ella María Gunnarsdóttir, ritari

Óli Björgvin Jónsson

Óli Björgvin Jónsson, meðstjórnandi

Hörður Kári Jóhannesson

Hörður Kári Jóhannesson, meðstjórnandi

Hróðmar Halldórsson

Hróðmar Halldórsson, varamaður

Rakel Óskarsdóttir

Rakel Óskarsdóttir, framkv.stjóri

Áritun kjörinna skoðunarmanna

Við undirritaðir kjörnir skoðunarmenn Golfklúbbsins Leynis, Akranesi, höfum gert dreifikönnun á fylgigögnum í bókhaldi golfklúbbsins fyrir rekstrarárið 1. nóvember 2019 til 31. október 2020 og borið saman við bókhaldsbækur, sem reyndust réttar. Teljum við að ársreikningurinn gefa glögga mynd af rekstri golfklúbbsins.



Elías H. Ólafsson
Kjörinn skoðunarmaður



Andrés Ólafsson
Kjörinn skoðunarmaður

Akranesi þann 3. desember 2020

Rekstraryfirlit

1. nóvember 2019 til 31. október 2020

Rekstrartekjur	Skýr.	2020	2019
Félagsgjöld	1 -	35.757.310 -	28.998.892
Tekjur af velli	2 -	28.607.874 -	21.120.079
Tekjur af mótum	-	10.882.510 -	10.584.310
Rekstrarframlög og styrkir	3 -	38.505.493 -	31.293.381
Vörusala	-	6.510.940 -	5.972.441
Leigutekjur	4 -	7.395.889 -	5.855.201
	-	127.660.016 -	103.824.304
Rekstrargjöld			
Laun og launatengd gjöld	5	51.572.317	47.274.370
Rekstur valla	6	19.697.900	17.405.744
Rekstur frístundarmiðstöðvar	7	17.083.081	2.589.969
Mótahald og keppniskostnaður	8	2.438.465	7.635.811
Barna- og unglingastarf	9	1.199.241	1.029.762
Gjöld til GSÍ		2.651.400	2.163.600
Kostnaðarverð seldra vara	10	5.874.653	4.492.924
Annar rekstrarkostnaður	11	4.138.402	5.556.803
		104.655.459	88.148.983
Rekstrartekjur umfram rekstrargjöld		23.004.557	15.675.321
Afskriftir rekstrarfjármuna skv. fyrningaskrá	-	9.590.589 -	8.665.399
Fjármagnskostnaður	12 -	1.088.913 -	1.419.057
Hagnaður af sölu rekstrarfjármuna		508.966	3.585.122
Tekjur umfram gjöld (-gjöld umfram tekjur)		12.834.021	9.175.987

EFNAHAGSREIKNINGUR

31.10.2020

EIGNIR

	Skýr.	31.10.2020	31.10.2019
FASTAFJÁRMUNIR			
Varanlegir rekstrarfjármunir			
Mannvirki		5.943.898,00	6.104.285,00
Framlag GL til frístundamiðstöðvar		60.415.700,00	53.726.873,00
Golfvöllur		69.688.124,00	69.688.128,00
Vélar og búnaður		21.160.162,00	22.859.590,00
Samtals varanlegir rekstrarfjármunir		157.207.884,00	152.378.876,00
SAMTALS FASTAFJÁRMUNIR		157.207.884,00	152.378.876,00
VELTUFJÁRMUNIR			
Skammtímakröfur			
Vörubirgðir		677.650,00	721.281,00
Kortaviðskipti og samningar		779.880,00	0,00
Viðskiptakröfur		6.086.465,00	4.800.430,00
Samtals skammtímakröfur		7.543.995,00	5.521.711,00
Handbært fé			
Hlaupareikningur LÍ		331.480,00	446.316,00
Vaxtareikningur LÍ		3.350.156,00	3.295.384,00
Sparireikningur LÍ		776,00	756,00
LÍ veltureikn. 601		17.838.622,00	10.063.558,00
Samtals handbært fé		21.521.034,00	13.806.014,00
SAMTALS VELTUFJÁRMUNIR		29.065.029,00	19.327.725,00
SAMTALS EIGNIR		186.272.913,00	171.706.601,00

EFNAHAGSREIKNINGUR

31.10.2020

SKULDIR OG EIGIÐ FÉ

	Skýr.	31.10.2020	31.10.2019
EIGIÐ FÉ			
Yfirfært frá fyrri árum		97.108.014,00	87.932.025,00
Hagn / -Tap á reikningsárinu		12.834.021,00	9.175.987,00
Samtals eigið fé		109.942.035,00	97.108.012,00
SKULDIR			
Langtímaskuldir			
Akraneskaupstaður skuld v. frístundarhúss		56.609.538,00	60.081.342,00
Landsbanki Íslands lán		6.770.503,00	9.965.793,00
Næsta árs afborgun		0,00	-3.074.989,00
Samtals langtímaskuldir		63.380.041,00	66.972.146,00
Skammtímaskuldir			
Viðskiptaskuldir		10.462.459,00	1.411.758,00
Ógreidd laun og launatengd gjöld		2.457.065,00	3.081.286,00
Áfallnir vextir langtímalána		31.313,00	58.410,00
Næsta árs afborgun langtímalána		0,00	3.074.989,00
Samtals skammtímaskuldir		12.950.837,00	7.626.443,00
SAMTALS SKULDIR		76.330.878,00	74.598.589,00
SAMTALS SKULDIR OG EIGIÐ FÉ		186.272.913,00	171.706.601,00

SJÓÐSTREYMI

01.11.2019 - 31.10.2020

Rekstrarhreyfingar	Árið 2020	Árið 2019
Hagnaður (tap) ársins	12.834.021,00	9.175.987,00
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi	-508.966,00	-3.585.122,00
Afskriftir	9.590.589,00	8.665.399,00
Veltufé frá rekstri	21.915.644,00	14.256.264,00
Breyting á rekstrartengdum eignum og skuldum		
Vörubirgðir lækkun (hækkun)	43.631,00	33.019,00
Skammtímakröfur, lækkun (hækkun)	-2.065.915,00	-2.197.449,00
Skammtímaskuldir, (lækkun) hækkun	8.399.383,00	-411.035,00
Nettó breyting	6.377.099,00	-2.575.465,00
Handbært fé frá rekstri	28.292.743,00	11.680.799,00
Fjárfestingarhreyfingar		
Eignfært framlag til byggingar fríst.miðst.	-10.160.631,00	-52.605.889,00
Eignfærðar framkvæmdir á velli	0,00	-139.425,00
Keypt tæki	-4.600.000,00	-2.153.465,00
Fjárfestingarhreyfingar	-14.760.631,00	-54.898.779,00
Fjármögnunarhreyfingar		
Sala eigna	850.000,00	5.750.000,00
Tekið langtímalán	0,00	43.777.217,00
Afborganir langtímaskulda	-3.195.290,00	-3.074.989,00
Afborgun á skuld vegna frístundahúss	-3.471.804,00	-3.074.989,00
Fjármögnunarhreyfingar	-5.817.094,00	43.377.239,00
Hækkun (lækkun) handbærs fjár	7.715.020,00	3.234.248,00
Handbært fé í upphafi árs	13.806.014,00	10.571.762,00
Handbært fé í lok árs	21.521.034,00	13.806.010,00

SKÝRINGAR

	2020	2019
Sundurliðanir		
1 Félagsgjöld	35.757.310	28.998.892
Félagsgjöld fullorðinna	33.417.855	26.939.095
Veittur afsláttur	-560.131	- 600.107
Félagsgjöld barna og unglinga	2.297.006	1.364.754
Veittur afsláttur	-66.300	- 38.850
Æfingagjöld	588.000	779.000
Námskeið	80.880	555.000
2 Tekjur af velli	28.607.874	21.120.079
Vallarleiga	23.121.578	16.348.244
Tekjur af slætti	5.486.296	4.366.635
Aðrar tekjur		405.200
3 Rekstrarframlög og styrkir	38.505.493	31.293.381
Barna- og unglingastarf	2.667.532	4.197.830
Frístundahús (Akraneskaupstaður)	10.833.329	4.166.665
Aðrir styrkir	25.004.632	22.928.886
4 Leigutekjur	7.395.889	5.855.201
Boltavél	1.637.745	799.500
Frístundarhúss	3.507.824	3.256.500
Golfbílar	1.086.600	934.051
Golfbúnaður	241.600	295.600
Golfhermir	922.120	569.550
5 Laun og launatengd gjöld	51.572.317	47.274.370
Barna- og unglingastarf	6.880.625	7.419.582
Garðavöllur	29.533.692	24.918.199
Skrifstofa, afgreiðsla, framkv. stjórar	15.158.000	14.936.589
6 Rekstur vallar	19.697.900	17.405.744
Vallarviðhald efni og vinna	12.138.666	6.977.306
Pappír prentun	459.931	538.904
Rekstur fasteigna	457.597	2.213.785
Gámaþjónusta	535.946	495.820
Rekstur tækja	5.177.560	6.384.931
Leiga á golfbílum	928.200	794.998

SKÝRINGAR

7 Rekstur frístundarhúss	17.083.081	2.589.969
Aðkeypt þjónusta	308.353	172.668
Afnota- og þjónustugjöld	631.427	-
Húsaleiga Akraneskaupstaðar	11.394.261	477.296
Veitugjöld	3.457.611	986.240
Ræstingakostnaður	932.409	953.765
Viðhald áhalda og tækja	280.677	-
Annar húsnæðiskostnaður	78.343	-
8 Golfmót	2.438.465	7.635.811
Aðkeypt þjónusta	283.200	-
Keppniskostnaður	753.509	910.017
Verðlaun og viðurkenningar	534.239	4.226.967
Annar kostnaður	867.517	2.498.827
9 Barna- og unglingastarf	1.199.241	1.029.762
Aðkeypt þjónusta	652.032	
Keppniskostnaður	121.320	284.580
Framlög og styrkir	85.000	-
Verðlaun	77.419	-
Annar kostnaður	263.470	745.182
Gjöld til GSÍ	2.651.400	2.163.600
10 Verslun	5.874.653	4.492.924
Vörukaup, efra þrep vsk	6.015.289	4.186.491
Vörukaup neðra, þrep vsk	68.468	306.433
Endursendar vörur (kred.f. nóv)	-252.735	-
Birgðabreyting	43.631	-
11 Annar rekstrarkostnaður	4.138.402	5.556.803
Aðkeypt þjónusta	1.752.660	1.175.100
Pappír prentun ritföng burðargj.	195.949	426.742
Gjafir og viðurkenningar	160.050	22.350
Funda og viðskiptakostnaður	134.575	2.550
Auglýsingar	471.418	661.611
Þjónustugjöld	1.055.789	1.567.397
Akstur og flutningsgj.	127.634	-
Viðhald áhalda og tækja	103.997	236.391
Annar kostnaður	136.330	1.464.662
12 Fjármagnstekjur og gjöld	1.088.913	1.116.977
Vaxtatekjur	-115.099	- 40.581
Fjármagnstekjuskattur	9.468	8.929
Vaxtagjöld	552.908	929.626
Bankakostn. og þjónustugjöld	641.636	219.003
Afskrifaðar kröfur	0	302.080

REKSTRARÁÆTLUN 2021

Rekstrartekjur	Skýr.	2021	2020	2019
Félagsgjöld	1	34.000.000 -	35.757.310 -	28.998.892
Tekjur af velli	2	28.000.000 -	28.607.874 -	21.120.079
Tekjur af mótum		10.000.000 -	10.882.510 -	10.584.310
Rekstrarframlög og styrkir	3	35.000.000 -	38.505.493 -	31.293.381
Vörusala		8.000.000 -	6.510.940 -	5.972.441
Leigutekjur	4	7.000.000 -	7.395.889 -	5.855.201
		122.000.000	- 127.660.016	- 103.824.304
Rekstrargjöld				
Laun og launatengd gjöld	5	53.000.000	51.572.317	47.274.370
Rekstur vallar	6	24.000.000	19.697.900	17.405.744
Rekstur frístundarmiðstöðvar	7	16.500.000	17.083.081	2.589.969
Mótahald og keppniskostnaður	8	2.600.000	2.438.465	7.635.811
Barna- og unglingastarf	9	1.500.000	1.199.241	1.029.762
Gjöld til GSÍ		2.600.000	2.651.400	2.163.600
Kostnaðarverð seldra vara	10	6.500.000	5.874.653	4.492.924
Annar rekstrarkostnaður	11	3.100.000	4.138.402	5.556.803
		109.800.000	104.655.459	88.148.983
Rekstrartekjur umfram rekstrargjöld		12.200.000	23.004.557	15.675.321
Afskriftir rekstrarfjármuna skv. fyrningaskrá		8.600.000 -	9.590.589 -	8.665.399
Fjármagnskostnaður	12	600.000 -	1.088.913 -	1.419.057
Hagnaður af sölu rekstrarfjármuna		550.000	508.966	3.585.122
Tekjur umfram gjöld (-gjöld umfram tekjur)		3.550.000	12.834.021	9.175.987

SJÓÐSTREYMI 2021

Rekstrarhreyfingar	Árið 2021	Árið 2020	Árið 2019
Hagnaður (tap) ársins	3.550.000,00	12.834.021,00	9.175.987,00
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi	-550.000,00	-508.966,00	-3.585.122,00
Afskriftir	10.700.000,00	9.590.589,00	8.665.399,00
Veltufé frá rekstri	13.700.000,00	21.915.644,00	14.256.264,00
Breyting á rekstartengdum eignum og skuldum			
Vörubirgðir lækkun (hækkun)	100.000,00	43.631,00	33.019,00
Skammtímafröfur, lækkun (hækkun)	0,00	-2.065.915,00	-2.197.449,00
Skammtímaskuldir, (lækkun) hækkun	0,00	8.399.383,00	-411.035,00
Nettó breyting	100.000,00	6.377.099,00	-2.575.465,00
Handbært fé frá rekstri	13.800.000,00	28.292.743,00	11.680.799,00
Fjárfestingarhreyfingar			
Eignfært framlag til byggingar fríst.miðst.	0,00	-10.160.631,00	-52.605.889,00
Eignfærðar framkvæmdir á velli	0,00	0,00	-139.425,00
Keypt tæki	-13.000.000,00	-4.600.000,00	-2.153.465,00
Fjárfestingarhreyfingar	-13.000.000,00	-14.760.631,00	-54.898.779,00
Fjármögnunarhreyfingar			
Sala eigna	900.000,00	850.000,00	5.750.000,00
Tekið langtímalán	4.500.000,00	0,00	43.777.217,00
Afborganir langtímaskulda	-3.000.000,00	-3.195.290,00	-3.074.989,00
Afborgun á skuld vegna frístundahúss	-2.100.000,00	-3.471.804,00	-3.074.989,00
Fjármögnunarhreyfingar	300.000,00	-5.817.094,00	43.377.239,00
Hækkun (lækkun) handbærs fjár	1.100.000,00	7.715.020,00	3.234.248,00
Handbært fé í upphafi árs	21.521.034,00	13.806.014,00	10.571.762,00
Handbært fé í lok árs	22.621.034,00	21.521.034,00	13.806.010,00



Golfklúbburinn Leynir

Grímsholt, 300 Akranes

Sími: 431 2711

Vefpóstur: leynir@leynir.is

www.leynir.is